

Þingborg 14. júní 2019

Til allra íbúa og fasteignaeigenda í Flóahreppi

Hreint Suðurland – Umhverfis Suðurland

Nú stendur yfir sunnlenskt átak í hreinsun og fegrun umhverfis. Á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga er í gangi verkefnið Umhverfis Suðurland þar sem unnið er markvisst að því að auka umhverfisvitund íbúa og gera þá meðvitaðri um þá auðlind sem umhverfi okkar er. Hluti af því að njóta fagurs umhverfis er góð almenn umgengni um land og mannvirki.

Á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er nú hafið átaksverkefnið „Hreint Suðurland“ sem snýr að tiltekt og fegrun umhverfis. Þar er hægt að fá nánari upplýsingar um meðhöndlun á því sem þarf að farga, hvað má geyma og hvernig þarf að ganga frá því. Að áliðnu sumri geta eigendur lóða og jarða í Flóahreppi, þar sem þörf er á tiltekt, átt von á bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands varðandi umgengni á viðkomandi lóð/jörð.

Flóahreppur leggur báðum þessum verkefnum lið og hvetur íbúa til þess að leggjast á eitt við fegrun umhverfis okkar. Flóahreppur mun markvisst vinna að því að auðvelda íbúum að losa sig við hluti sem ekki þjóna lengur tilgangi.



Gámar fyrir endurvinnsluefni og grófan úrgang

Boðið verður upp á gáma fyrir þá sem vilja taka til hendinni í sveitinni, bæði fyrir járn og timbur og auk þess grófan úrgang allt árið 2019. Gámarnir eru keyrðir heim á bæi og fá að standa þar á meðan fyllt er á þá. Fjöldi gáma er takmarkaður í eigu þjónustuaðila þannig að mælst er til þess að búið sé að safna saman og flokka það sem á að fara í gámana þannig að fljótlegt sé að fylla á þá. Þannig gengur betur að þjónusta fleiri og biðin eftir gámum styttest. Skrifstofa Flóahrepps sér um að panta gáma. Sími: 480 4370 og netfang gudrun@floahreppur.is.

ÁRBORG	
Brnr: 08.00	Mótt: 28/6 '19
Ábm: A.M.V.	Mnr: 1907004



FLÓAHREPPUR

Bent er á að það gjörbreytir ásýnd svæðis að þeim hlutum sem þarf að geyma sé snyrtilega raðað og að í kringum svæði þar sem þarf að geyma dót séu skjólgirðingar og ekki sé fókhatta af neinu sem þar er geymt.

Óskráðar bifreiðar og vinnuvélar

Ekki er heimilt að geyma gamla óskráða bíla og vinnuvélar heima við bæi nema með því skilyrði að þeir séu heillegir, mengi ekki og að ekki séu í þeim mengandi efni eins og t.d. geymasýra eða olíur. Minnt er á að skilagjald fæst fyrir afskráða bíla sé þeim skilað til endurvinnslu.

Flokkun og skil

Flóahreppur og Íslenska Gámafélagið gefa reglulega út vandaðan bækling sem sendur er til allra íbúa. Í bæklingnum eru leiðbeiningar til íbúa varðandi alla flokkun endurvinnsluefna og skil á úrgangi.

<https://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2019/06/Vi%C3%B0-hugsum-%C3%A1%C3%B0ur-en-vi%C3%B0-hendum-Flóahreppur2018.pdf>

Í sorphirðubæklingi eru góðar leiðbeiningar um flokkun og farveg fyrir endurvinnsluefni og úrgang. Þar kemur m.a. fram að það er hægt að skila olíu og notuðum olíusíum, gömlum dekkjum, rafgeymum og öðrum spilliefnum, fiskikörum og gamalli ull svo eitthvað sé nefnt í móttökustöð Íslenska Gámafélagsins í Hrísmýri.

Spilliefnin eru gjaldskyld efni en skv. samningi Flóahrepps við Íslenska Gámafélagsins þá greiðir Flóahreppur eins og verið hefur, fyrir þessa losun skv. íbúaskrá sem starfsmenn í Hrísmýri hafa hjá sér.

Gamla ónýta ull er líka hægt að setja í hrægáminn sem er staðsettur á lóð sveitarfélagsins í Hraungerði.

Við hvetjum alla íbúa og eigendur fasteigna í Flóahreppi til þess að nýta sumarið vel og stuðla að góðri ásýnd sveitarfélagsins til framtíðar.

Sveitarstjórn Flóahrepps

Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps

Menningarnefnd Flóahrepps

Heilbrigðiseftilit Suðurlands

UMHVERFIÐ ÞARF UMHYGGJU

Hjálpumst að við að taka til í umhverfinu okkar.

Umhverfis Suðurland er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi um aukna umhyggju fyrir umhverfinu.

Allir geta tekið þátt!

